



## FRAMKVÆMDALEYFI

### Suðurnesjalína 2, 220 kV háspennulína í Grindavík

#### 1. Leyfishafi

Landsnet, kt. 580804-2410, Gylfahlöt 9, 112 Reykjavík

#### 2. Staðsetning framkvæmdar

Landsnet hyggst leggja nýja 220 kV háspennulínu, Suðurnesjalínu 2, frá tengivirkinu Hamranesi í Hafnarfirði, að tengivirkinu við Rauðamel í Grindavík. Hluti línunnar liggur innan sveitarfélagamarka Grindavíkur, í landi Járngerðarstaða og Hópstorfu (landnr. 211193). Innan Grindavíkur mun línan liggja samsíða núverandi Fitjalínu 1, um 50m vestan hennar, frá tengivirki á Njarðvíkurheiði að tengivirki við Rauðamel.

#### 3. Umfang framkvæmdar

Framkvæmdin nær til þriggja háspennumastra auk tengdra framkvæmda.

#### 4. Lýsing framkvæmdar og frágangur, samantekt

Möstrin verða stöguð röramöstur en meðalhæð mastra í Suðurnesjalínu 2 er 23 metrar. Fætur mastranna standa á steyptri undirstöðu auk þess sem stög halda þeim í skorðum. Við jörð tengjast stögin við stagfestur, ýmist steypar staghellur eða boraða bergbolta. Grafa þarf fyrir stagfestum og undirstöðum í mastursstæði og bora fyrir bergboltum. Steypt er fyrir undirstöðum mastranna. Að jarðvinnu lokinni þarf víða að flytja burðarhæft fyllingarefni að mastrastæðum, fylla að undirstöðum og staghellum og jafna út umframefni. Að venjulegu burðarmastri þarf að flytja um 35–50 m<sup>3</sup> af fyllingarefni að meðaltali og koma þeim fyrir. Yfirleitt er um að ræða forsteyptar einingar sem fluttar eru úr birgðastöðvum, en reynst getur nauðsynlegt að nota staðsteyptar undirstöður. Þar sem ekki er unnt að grafa fyrir undirstöðum verður fleygað 1,0 – 1,5 m niður í klöpp, en holur verða að jafnaði 2,5 m x 3,0 m í botninn. Öll möstur í línunni verða jarðtengd með jarðskautsborða sem lagður er í holur umhverfis bergbolta, stagfestur og undirstöður og tengdur við mastrið. Á nokkrum stöðum verður plægður niður borði milli mastra og tengdur við fyrrgreind skaut en annars staðar verða plægð eða grafin niður skaut eftir þörfum, án þess að þau verði tengd saman. Eftir að jarðvinnu lýkur tekur við samsetning og reising mastra. Möstur eru ýmist skrúfuð saman við mastursstæði eða við birgðastöðvar. Burðamöstur eru skrúfuð saman í heilu lagi þegar samsetning fer fram við mastursstæði, en í hlutum þegar þarf að flytja þau frá birgðastöðvum. Að lokum eru þau sett saman við hvert mastursstæði og reist í heild sinni með krana. Notuð verður núverandi vegslóð með Fitjalínu 1, en hann er í heildina burðarmikil og ekki er reiknað með miklum aðgerðum vegna viðhalds slóðar. Þar sem núverandi slóð er nokkuð gróf og fínefni að mestu farið úr henni er áætlað að bera fínefni í þá hluta sem grófastir eru. Einnig er ráðgert að slóðin verði hefluð og á það við um allar slóðir á framkvæmdasvæðinu. Lagfæra þarf slóðir eftir að jarðskautsborðar eru plægðir eða grafnir niður en algengast er að reyna að koma jarðskautum fyrir í vegslóðum. Að lokinni lagningu línunnar verður svæðið hreinsað jarðrask lagfært og sáð í sár ef þörf er talin á. Jafnframt verða slóðir lagfærðar og reynt að gera ráðstafanir til að hindra úrrennsli í leysingum og stórrigningum. Frágangur verður í samráði við hlutaðeigandi sérfræðinga, s.s. gróðurfræðing eða fornleifafræðing eftir því sem við á.

#### 5. Gögn

Eftirtalin gögn fylgdu umsókn:

- I. Umsókn um framkvæmdaleyfi, dags. 7. maí 2014.
- II. Skýrsla Eflu „Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis, dags apríl 2014.
- III. Suðurnesjalína 2 í landi Grindavíkurbæjar.



- IV. Matsskýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum ásamt viðaukum.
- V. Álit Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum, dags. 17.09.2009.
- VI. Leyfi Orkustofnunar, dags. 5. desember 2013, ásamt greinargerð.
- VII. Teikningar af möstrum.

Til viðbótar framangreindum gögnum skipta sérstöku máli:

- VIII. Minnisblað Eflu/Vöktunaráætlun, vegna vöktunar á fugladauða, dags. 17. júlí 2014.
- IX. Tölvupóstsamskipti skipulagsfulltrúa og Isavia varðandi áhættumat fyrir Keflavíkurlflugvöll, 12.-24. mars þar sem fram kemur að engar hættur séu fyrir flugvöllinn, ásamt fylgiskjöllum.

## 6. Afgreiðsla Grindavíkurbæjar

Skipulags- og umhverfisnefnd afgreiddi umsóknina að lokinni grenndarkynningu á fundi nefndarinnar þann 10. desember 2014 með eftirfarandi bókun:

Það er mat skipulags- og umhverfisnefndar að umsóknin sé í samræmi við aðalskipulag Grindavíkur og álit Skipulagsstofnunar frá 17. september 2009 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Nefndin telur álit Skipulagsstofnunar lýsa áhrifum framkvæmdarinnar nokkuð vel en telur jafnframt að áhrif framkvæmdarinnar innan lögsagnarumdæmis Grindavíkur séu ekki veruleg m.t.t. þess að eingöngu er um að ræða þrjú möstur á stuttum kafla (um 600m kafla) á svæði sem þegar er að mestu raskað. Þá mun línan liggja samsíða línu sem fyrir er. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir umsögn Landslaga og framkvæmdaleyfið. Skipulagsfulltrúa er falið að veita umsækjanda framkvæmdaleyfi í samræmi við umsókn og með þeim skilyrðum sem fram koma í áliði Skipulagsstofnunar frá 17. september 2009, þegar fyrir liggur áhættumat vegna Keflavíkurlflugvallar enda samræmist leyfisveitingin niðurstöðu slíks mats. Niðurstaða áhættumats vegna Keflavíkurlflugvallar skal kynnt nefndinni þegar það berst.

Bæjarstjórn Grindavíkur staðfesti afgreiðslu skipulags- og umferðarnefndar á fundi sínum þann 16. desember 2014 með svohljóðandi bókun:

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur samþykkt umsögn Landslaga og leggur til að framkvæmdaleyfið verði samþykkt með þeim skilyrðum sem fram koma í áliði Skipulagsstofnunar frá 17. september 2009, þegar fyrir liggur áhættumat vegna Keflavíkurlflugvallar enda samræmist leyfisveitingin niðurstöðu slíks mats. Niðurstaða áhættumats vegna Keflavíkurlflugvallar skal kynnt nefndinni þegar það berst. Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framkvæmdaleyfið.

## 7. Gildistími framkvæmdaleyfis

Framkvæmdaleyfi þetta gildir frá dagsetningu þess í eitt ár en fellur úr gildi án tilkynningar eða viðvörunnar hefjist framkvæmdir ekki innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Umsækjandi skal tilkynna Grindavíkurbæ um upphaf framkvæmda. Vakin er athygli á því að stöðvist framkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur sveitarstjórn fellt framkvæmdaleyfið úr gildi.

## 8. Eftirlitsaðili framkvæmdarinnar

Eftirlitsaðili framkvæmdarinnar er sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar Ármann Halldórsson, netfang, armann@grindavik.is, bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, 2. hæð, s: 420 1100, myndsendir: 420 1111.

Í samræmi við ákvæði 16. gr. skipulagslaga áskilur Grindavíkurbær sér rétt, við upphaf framkvæmda, að ákveða að skipa í samráði við framkvæmdaraðila og aðra leyfisveitendur sérstaka eftirlitsnefnd sem hefur eftirlit með því að skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt m.a. í samvinnu við önnur sveitarfélög sem línan liggur um. Framkvæmdaraðili skal bera allan kostnað af starfi slíkrar nefndar.



### 9. Skilyrði leyfisveitanda

Framkvæmdaleyfi þetta er bundið eftirfarandi skilyrðum að:

1. Að framkvæmdin verði unnin í samræmi við fyrirliggjandi hönnunargögn. Vakin er sérstök athygli leyfishafa á að honum er skylt að óska samþykkis leyfisveitanda fyrir breytingum á framkvæmdinni sem og að tilkynna Skipulagsstofnun um slíkar breytingar.
2. Að leyfishafi fylgi í hvívetna gildandi skipulagi við framkvæmdirnar.
3. Að leyfishafi fylgi í hvívetna nauðsynlegum mótvægisáðgerðum, vöktun og öryggisráðstöfunum til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið, menningarminjar og náttúrufyrirbæri og til að tryggja öryggi, sem hann hefur boðað í umsókn sinni, fram koma í matsskýrslu leyfishafa og álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, dags. 17.09.2009.
4. Að fylgt verði í hvívetna vöktunaráætlun, vegna vöktunar á fugladauða, dags. 17. júlí 2014.
5. Að fylgt verði fyrirmælum eftirlitsaðila framkvæmdarinnar.
6. Öll gjöld og kostnaður hafi verið greidd.

Þar sem skilmálum leyfis þessa sleppir gilda ákvæði laga einkum skipulagslaga nr. 123 frá 2010.

Með undirritun undir framkvæmdaleyfi þetta staðfesta leyfishafi og leyfisveitandi skilmála leyfis þessa og skilyrði og skuldbinda sig til að hlíta þeim.

Grindavík, 22/4 2015.

F.h. Grindavíkurbæjar

Ólafur Halldórsson

Skipulagsfulltrúi Grindavíkur

F.h. Landsnets